

## Efnagreining vatnssýnis frá Brún í Reykjadal

**Hrefna Kristmannsdóttir**

**Greinargerð HK-85-04**

EFNAGREINING VATNSSÝNIS FRÁ BRÚN Í REYKJADAL

Þann 3. október 1984 var tekið sýni til efnagreiningar af jarðhitavatni úr borholu á Brún í Reykdælahreppi, S-Þingeyjarsýslu.

Sjálfrænnslí úr borholunni er u.þ.b. 5 l/s af um 51°C heitu vatni, en um 2 l/s er að jafnaði látið renna úr henni. Súrefni var ekki í mælanlegu magni í vatninu við holutopp þar sem sýnið var tekið, en í vatni úr krana inni í íbúðarhúsinu mældust 15 ppb af súrefni. Tekið var einnig sýni af útfellingu á holutoppi sem við greiningu reyndist vera blanda af kalki og kísli.

Mældur styrkur uppleystra efna í vatnssýninu er sýndur í eftirfarandi töflu ásamt efnagreiningu af vatnssýni úr lauginni, sem tekið var 1975.

Sýni	Hiti	pH/°C	SiO <sub>2</sub>	Na	K	Ca	Mg	CO <sub>2</sub>	SO <sub>4</sub>	H <sub>2</sub> S	Cl	F	Heildar-
	°C		mg/kg	mg/kg	mg/kg	mg/kg	mg/kg	mg/kg	mg/kg	mg/kg	mg/kg	mg/kg	magn
													uppl efna
1984	50,7	10,79/15	86,1	57,5	1,1	2,36	0,005	-	16,7	-	5,6	1,02	228
1975	32,0	10,88/20	91,0	58,6	0,9	3,55	0,11	14,1	30,3	<0,1	5,7	1,04	239

Ekki var mælt karbónat í vatnssýninu nú og er því erfiðara að meta kalkútfellingahættu. Frá fyrirbyggjandi gögnum og reynslu virðist geta orðið einhver kalkútfelling, en það ætti ekki að verða mikið vandamál í svo efnasauðu vatni sem þessu. Hætta á súrefnistæringu stálröra er talin óveruleg.